

AUGLÝSING

um gildistöku samkomulags um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir almenna kennara (bekkjarkennara) í grunnskólum.

Samkomulag frá 3. mars 1982 um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir almenna kennara (bekkjarkennara) í grunnskólum öðlaðist gildi 29. maí 1984, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 11/1982, þar sem samkomulagið er birt.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 27. júní 1984.

Geir Hallgrímsson.

Ingvi S. Ingvarsson.

AUGLÝSING

um breytingu á Norðurlandasamningi til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir.

Með orðsendingaskiptum milli utanríkisráðuneytis Finnlands og sendiráða Íslands, Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar var gengið frá samkomulagi um breytingu á Norðurlandasamningi frá 22. mars 1982 til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 6/1983 og 14/1983. Samkvæmt samkomulaginu, sem gert var á grundvelli 30. gr. samningsins, tekur hann til landsvæðisins Álands að því er varðar finnskt útsvar til sveitarfélaga frá og með gildistöku samningsins.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík 27. júní 1984.

Geir Hallgrímsson.

Ingvi S. Ingvarsson.

AUGLÝSING

um fiskveiðisamning við Noreg.

Með orðsendingaskiptum 8. júní 1984 var gengið frá fiskveiðisamningi milli Íslands og Noregs. Orðsendingarnar eru birtar sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 27. júní 1984.

Geir Hallgrímsson.

Ingvi S. Ingvarsson.